

Uppistand og tjáning

ÍSLE2UT05

ÁFANGALÝSING

Nemendur eru þjálfaðir í að semja efni til flutnings og koma því á framfæri. Fyrir liggur fjölbreytt verkefnavinna, verkleg, munnleg og skrifleg. Farið er fram á sjálfstæð, skapandi og vönduð vinnubrögð. Áhersla lögð á skapandi skrif, frumkvæði og skýra og blæbrigðaríka framsögn.

MARKMIÐ ÁFANGANS

Þekkingarviðmið þar sem nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- helstu einkennum íslensks talmáls sem nýtast í ræðu og riti
- muninum á góðum og slæmum rökum
- helstu stílbrögðum

Leikniviðmið þar sem nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- flytja af nokkru öryggi eigið efni svo sem ræður, uppistand, frásagnir, lýsingar og ljóð
- koma skoðunum sínum á framfæri á skýran og greinargóðan hátt
- nota myndmál og stílbrögð á árangursríkan hátt
- beita gagnrýninni hugsun

Hæfniviðmið þar sem nemandi hagnýtir sér þekkingu sína og leikni til að:

- koma sjónarmiðum og hugmyndum á framfæri á áhrifaríkan hátt
- ná athygli áheyrenda og halda henni
- beita skýru og blæbrigðaríku máli
- flytja eigið uppistand

KENNSLUEFNI / LESEFNI

- Ýmiskonar efni á vefrænu formi sem tengist efni og aðferðum áfangans.
- Gögn frá kennara og efni sem nemendur afla sér.
- Kjörbók sem nemendur lesa og túlka
- TED [<https://www.ted.com/talks>]

HANDBÆKUR OG VEFSÍÐUR

- Gene Perret. *Comedy Writing. Self-Taught.*
- Simon Cavalli. *How to be a Stand-Up Comedian.*
- Arnesen og Hegeseth. *Þú hefur orðið.*
- Hilde Helgason o.fl. *Orð í belg.*
- Margrét Pálsdóttir. *Talað mál.*

NÁMSMAT

- 10% Mæting, virkni og frumkvæði í umræðum og verkefnavinnu.
- 60% Fjölbreytt símatsverkefni og próf.
- 10% Eigin hugleiðingar
- 20% Lokaverkefni.

VERKEFNASKIL OG MÆTING

Þar sem áfanginn er nýr verður hann hannaður að einhverju leyti í samstarfi við nemendur. Ætlast er til að nemendur undirbúi sig vel fyrir kennslustundir með lestri, hlustun, áhorfi og verkefnum sem lögð eru fyrir hverju sinni. Um helmingur námsins fer fram í skólanum en hinn hlutinn með heimanámi: verkefnum og undirbúningi. Afar mikilvægt er að nemendur séu virkir í tímum, mæti vel og á réttum tíma og stundi námið vel. Gert er ráð fyrir að nemendur lesi eitt bókmenntaverk á önninni sem þeir segja frá og túlka.

MIKILVÆGT er að skila verkefnum í símatsáfanga á réttum tíma svo námið fari fram jafnt og þétt. Ekki er gert ráð fyrir því að nemandi geti skilað fjölda ólokinnna verkefna í lok annar. Fáir nemandi 0 fyrir þrjú skilaverkefni telst hann hafa sagt sig úr áfanganum. Nemendur sem missa af prófum eða verkefnum vegna veikinda bera sjálfir ábyrgð á því að tilkynna kennara það.

TÍMAÁÆTLUN OG YFIRFERÐ EFNIS

ER Í VINNSLU : -)	
--------------------	--

Með fyrirvara um breytingar á kennsluáætlun og ósk um áhuga, jákvæðni og góða mætingu.

Jón Özur Snorrason

